



Skóli Ísak s Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Læsisstefna Skóla Ísaks Jónssonar

Efnisyfirlit

| | |
|--|----------|
| Formáli..... | 3 |
| Inngangur..... | 3 |
| Leiðarljós..... | 3 |
| Markmið lestrarkennslu við lok 4. bekkjar..... | 4 |
| Skólamenning..... | 4 |
| Söngur á sal..... | 4 |
| Lestraráttak..... | 4 |
| Hvernig er lestrarkennslu háttað í Ísaksskóla?..... | 5 |
| 5 ára deild..... | 5 |
| 6 ára (1. bekkur)..... | 5 |
| 7 ára – 9 ára bekkur (2. – 4. bekkur)..... | 5 |
| Orða/setningabók..... | 5 |
| Yndislestur..... | 5 |
| Hvernig metum við lestur og lesskilning í Ísaksskóla?..... | 6 |
| Skimanir og próf í 5 ára deild..... | 6 |
| <i>HLJÓM-2.....</i> | 6 |
| <i>Stafabekking - stöðumat.....</i> | 6 |
| Skimanir og próf í 6 ára bekk (1. bekk)..... | 6 |
| <i>Stafabekking - stöðumat.....</i> | 6 |
| <i>Læsi – lesskimunarpróf.....</i> | 6 |
| <i>Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun.....</i> | 6 |
| Skimanir og próf í 7 ára bekk (2. bekk)..... | 7 |
| <i>Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun.....</i> | 7 |
| Skimanir og próf í 8 ára bekk (3. bekk)..... | 7 |
| <i>Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun (Skólagátt).....</i> | 7 |
| <i>Talnalykill - stærðfræðiskimun.....</i> | 7 |
| Skimanir og próf í 9 ára bekk (4. bekk)..... | 7 |
| <i>Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun (Skólagátt).....</i> | 7 |

| | |
|---|----|
| <i>Lesskilningspróf – Orðarún</i> | 7 |
| Læsi í öðrum námsgreinum | 8 |
| Áttthagafræði | 8 |
| Stærðfræði | 8 |
| Myndlist | 8 |
| Textílmennt | 8 |
| Læsi í sérkennslu..... | 9 |
| Námsmat | 9 |
| <i>HLJÓM- 2</i> | 9 |
| <i>Leið til læsis</i> | 10 |
| <i>Lesferill – raddlestur</i> | 10 |
| <i>Milli mála II</i> | 10 |
| Greiningar | 11 |
| <i>LOGOS – lesblindugreining</i> | 11 |

Formáli

Í Ísaksskóla er markvisst stefnt að því að ná góðum árangri í læsi nemenda og er læsisstefna þessi grunnur að þeirri vegferð. Læsisstefnan er hugsuð sem vinnugagn fyrir kennara og starfsfólk auk þess sem henni er ætlað að vera upplýsandi fyrir foreldra. Læsisstefnan er lifandi skjal og er í sífelldri endurskoðun.

Inngangur

Skóli Ísaks Jónssonar hefur verið starfræktur síðan árið 1926 og er því óðfluga að nálgast sitt hundraðasta starfsár. Í skólanum eru fimm bekkjardeildir, 5 ára – 9 ára. Ísaksskóli hefur lagt áherslu á stafainnlögn og lestur frá upphafi og var strax stuðst við svokallaða *hljóðaaðferð*.

Góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra áður en formlegt lestrarnám hefst hefur mikið forspárgildi fyrir það hversu hratt og vel börn öðlast færni í umskráningu. Sjálfvirk og fyrirhafnalaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóða liggur til grundvallar góðri umskráningu. Hljóðaaðferðin er vel rannsökuð kennsluaðferð og er hún talin skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu.

Stefna Ísaksskóla er að leggja frá upphafi traustan grunn í lestri svo að nemendur geti byggt ofan á hann eftir því sem færni þeirra eykst og þroskinn vex. Að vera læs er ekki bara það að geta umskráð hljóð stafa yfir í orð, setningar og heilu málsgreinarnar. Skilningur verður að fylgja með og það að öðlast góðan lesskilning er erfiðleikum háð nema tæknilegur grunnur í lestri sé traustur, það er að nemandi hafi öðlast lesfimi.

Leiðarljós

Í Ísaksskóla er unnið með læsi í víðum skilningi og á fjölbreyttan hátt með merkingarbærum viðfangsefnum. Haft er að leiðarljósi að skapa góða lestrarmenningu í skólanum þar sem stuðlað er að áhuga og ánægju af lestri.

- Leitað er leiða til að gera lesturinn og lestrarupplifunina jákvæða og skemmtilega. Samband heimilis og skóla skilar miklum árangri þegar kemur að lestri og er heimalestur gífurlega mikilvægur.
- Finna þarf lestrarefni við hæfi hvers og eins og huga að fjölbreyttum og áhugaverðum viðfangsefnum í lestri. Bókasafn Ísaksskóla er lítið og persónulegt og í sífelldri þróun.
- Skapa skal hvetjandi lestrarumhverfi; hafa áhugaverðar bækur ávallt sýnilegar í kennslustofum nemenda.
- Finna þarf árangursríkar leiðir til að meta stöðu nemenda í hverjum árgangi með skimunum og lestrarprófum. Grípa inn í með snemmtækri íhlutun þegar ljóst er að um lestrarvanda eða hættu á vanda er að ræða.

- Unnið er markvisst að því að stuðla að læsi í almennri og þrengri merkingu orðsins í íslenskukennslu. Í þeim skilningi að nemendur nái tökum á þeirri grundvallarfærni sem felst í hugtakinu læsi. Það er að geta umskráð hljóð í orð og skilið merkingu þeirra ásamt því að miðla þeirri þekkingu áfram í rituðu og töluðu máli á sem fjölbreyttastan máta.

Markmið lestrarkennslu við lok 4. bekkjar

Að nemandinn geti:

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skini að ná merkingu þess.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Valið bók eða annað efni og lesið sér til ánægju.

Skólamenning

Söngur á sal

Söngur er í hávegum hafður í Ísaksskóla og nemendur æfa söng af söngdagskrá og fara yfir söngtexta inni í hverjum bekk með umsjónakennurum. Þar gefst tækifæri til að vinna með orð og setningar og efla þannig orðaforða nemenda.

Lestraráttak

Að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári er farið í lestrarátak þar sem markmiðið er að hvetja nemendur til að lesa fjölbreyttar bækur við hæfi hvers og eins og skapa gott lestrarumhverfi í skólanum og heima. Þannig sameinast allir nemendur skólans í einu stóru viðfangsefni sem er sýnilegt í sal skólans. Dæmi um svona verkefni er lestrardreki eða popplestur. Í lestrardrekanum búa nemendur til pappahendur og skrifa mínúturnar sem þeir hafa lesið og setja á drekan. Í popplestri safna nemendur poppbaunum í sama tilgangi sem endar svo með mikilli poppveislu.

Hvernig er lestrarkennslu háttað í Ísaksskóla?

5 ára deild

Í 5 ára bekk er áherslan á stafina og hljóðin þeirra. Í hverri viku er lesin hljóðasaga sem leggur áherslu á hljóð vikunnar. Unnið er með hljóðið á ýmsa vegu, t.d. leira nemendur stafinn, gerð eru falleg stafaspjöld, nemendur hljóða stafinn og tengja hann svo örðum hljóðum. Unnið er hlutbundið með hljóðið, t.d með því að finna hluti sem hafa hljóðið í sér.

6 ára (1. bekkur)

Í 6 ára bekk er lagt upp með stafa/hljóðaupprifjun. Þá er einn stafur á viku tekinn fyrir líkt og í 5 ára bekk. Unnið er með hljóðið með því að vinna í vinnubók, og lesa stutt orð og texta. Nemendur fá heimalestrarbækur við hæfi í lok september. Nemendur lesa heima fimm sinnum í viku í um það bil 10-15 mínútur á dag upphátt og lögð áhersla á að nemendur lesi tvisvar sinnum yfir hverja blaðsíðu.

7 ára – 9 ára bekkur (2. – 4. bekkur)

Nemendur lesa heima fimm sinnum í viku. Í eldri bekkjardeildum eru allflestir í sömu lestrarbók og lesa þau ákveðnar blaðsíður heima. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi líka aukalestur daglega eftir getustigi. Nemendur vinna ýmist heima í orða/setningabók eða vinnubók með heimalestrinum.

Helstu kennsluaðferðir sem kennarar styðjast við eru samlestur, kórlestur, skiptilestur og einstaklingslestur þar sem nemandi les fyrir kennara. Þar er lögð áherslu á samfelldan lestur og að nemandi lesi hátt og skýrt þannig að aðrir heyri. Áhersla er lögð á leiklestur hjá þeim nemendum sem eru lengra komnir í lestri.

Orða/setningabók

Foreldrar lesa upphátt nokkur orð eða setningar úr heimalestrinum og nemendur skrifa þær niður í þar til gerða bók. Valið um orð eða setningar fer eftir getu hvers nemanda.

Yndislestur

Nemendur lesa í hljóði bók að eigin vali í 15 mínútur helst daglega í skólanum. Einnig eru nemendur hvattir til þess að lesa í yndislestrarbók heima sem aukalestur.

Bækurnar velja nemendur á bókasafni skólans þar sem áhugi og lestrargeta er höfð að leiðarljósi. Umsjónarkennarar og bókasafnsstýra eru nemendum innan handar við val á lesefni með það að lokamarkmiði að nemendur öðlist hæfni til þess að vera sjálfstæð í bókavalinu. Unnið er markvisst að því lokamarkmiði að nemendur geti valið sér bók eftir áhuga og lestrargetu.

Hvernig metum við lestur og lesskilning í Ísaksskóla?

Árlega eru ýmis skimunar- og könnunarpróf lögð fyrir alla nemendur hvers árgangs. Tilgangurinn er annars vegar að finna börn sem hugsanlega eru í áhættu hvað varðar lestrar- og/eða stærðfræðierfiðleika og mæta þeim með viðeigandi aðgerðum. Hins vegar að veita kennurum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda svo hægt sé að haga kennslu þannig að sem mestur árangur náist.

Skimanir og próf í 5 ára deild

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er athugun á hljóð- og málvitund fimm ára barna. Prófið er lagt fyrir í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari tíma lestrarerfiðleika. Skimunin er lögð fyrir að hausti og endurprófað í lok janúar hjá þeim sem eru undir viðmiðum. Skimunin er lögð fyrir af þeim sem hafa tilskilin réttindi. Niðurstöður sýna *mjög slaka færni, slaka færni, meðal færni* eða *góða færni* miðað við jafnaldra. Umsjónarkennari sér um að upplýsa forráðamenn um niðurstöður skimunar. Þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka færni taka þátt í málörvunarhópi þar sem sérstaklega er unnið með hljóðkerfisvitundina.

Stafabekking - stöðumat

Stafakunnátta er metin fyrir foreldraviðtöl í febrúar. Umsjónarkennari athugar hvort barnið kunni þau hljóð sem búið er að leggja fyrir.

Skimanir og próf í 6 ára bekk (1. bekk)

Stafabekking - stöðumat

Stafakönnun er lögð fyrir nemendur að hausti. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir.

Læsi – lesskimunarpróf

Læsi lesskimunarpróf fyrir 1. bekk er lagt fyrir í febrúar og apríl. Skimunarprófið er í þremur hlutum en tveir hlutar eru lagðir fyrir í febrúar og sá þriðji í apríl. Sérkennari leggur prófið fyrir.

Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun

Lesfimiþróf er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Niðurstöður eru skráðar í gagnagrunn og sýna stöðu nemenda miðað við jafnaldra. Lesfimiþrófin eru einstaklingspróf þar sem nemandi les í tvær mínútur í senn. Lesfimiþrófin meta leshraða/sjálfvirkni, lestrarnákvæmni og hrynrena þætti. Niðurstæða lesfimiþrófa birtast í orðum á mínútu. Lesfimiviðmið fylgja hverjum árgangi (Sjá nánar lesfimiviðmið fyrir Lesferil).

Markmið lesfimiþrófa er að fylgjast með framförum og þróun lestrarfærni hjá nemendum. Í þeim tilfellum þar sem nemendur ná ekki að sýna jafnar framfarir og fylgja árgangi er reynt að grípa inn

í sem fyrst í formi stuðnings/sérkennslu. Þannig má koma í veg fyrir að nemendur dragist aftur úr jafnöldrum. Mikilvægt er að fylgjast með inngripi og fylgja eftir námsáætlun fyrir einstaka nemendur.

Umsjónarkennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum og kemur upplýsingum um niðurstöður prófanna til foreldra. Umsjónarkennari og sérkennari meta hvaða nemendur þurfa að stuðning.

Skimanir og próf í 7 ára bekk (2. bekk)

Lesfímipróf frá Menntamálastofnun

Prófið er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Auk þess sem **Læsi – lesskimunarpróf fyrir 2. bekk** eru lögð fyrir í nóvember og apríl. Sérkennari leggur prófið fyrir. Niðurstöður þess eru sendar til Skóla- og frístundasviðs.

Skimanir og próf í 8 ára bekk (3. bekk)

Lesfímipróf frá Menntamálastofnun (Skólagátt)

Er lagt fyrir af umsjónarkennara auk **Orðarún** – mat á lesskilningi er einnig lagt fyrir af umsjónarkennara í janúar og maí.

Talnalykill - stærðfræðiskimun.

Er lagt fyrir í nóvember. Allir nemendur taka staðlað próf en þeir nemendur sem ekki ná tilteknu viðmiði í því prófi fara áfram í einstaklingsskimun. Umsjónarkennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum og kemur upplýsingum um niðurstöður prófanna til foreldra. Umsjónarkennari og sérkennari meta hvaða nemendur sem eru undir viðmiðum fá stuðning.

Skimanir og próf í 9 ára bekk (4. bekk)

Lesfímipróf frá Menntamálastofnun (Skólagátt)

Er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Umsjónarkennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum og kemur upplýsingum um niðurstöður prófanna til foreldra. Umsjónarkennari og sérkennari meta hvaða nemendur sem eru undir viðmiðum fá stuðning í lestri.

Lesskilningspróf – Orðarún

Orðarún er staðlað próf fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Prófin eru tvö fyrir hvern árgang, annað í október og hitt í apríl. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, geta lesið á milli línanna og dregið ályktanir. Niðurstöður prófsins eru bornar saman við viðmið sem gefin eru út fyrir hvert próf.

Læsi í öðrum námsgreinum

Átthagafræði

Átthagafræði er samþætting náttúru- og samfélagsfræðigreina. Átthagafræðin birtist strax námskrá 5 ára deildar og er kennd í öllum bekkjardeildum. Átthagafræðin er birtingarmynd læsis í víðu samhengi. Læsið hefst hjá einstaklingnum sjálfum og færist svo í ytra umhverfi hans. Einstaklingar öðlist færni í að lesa í samspil náttúru og manns og samfélagsins í heild sinni.

Stærðfræði

Læsi í stærðfræði felur í sér hæfni til að skilja, beita, túlka og meta stærðfræðilegar upplýsingar í verkefnum daglegs lífs. Læsið er mikilvægt og tengir saman rökræna hugsun, tölulega útreikninga og greiningu gagna. Þegar allir þessir þættir koma saman verður einstaklingurinn fær um að taka upplýstar ákvarðanir.

Myndlist

6 ára – 9 ára bekkur (1. – 4. bekkur)

Í myndmennt er leitast við að gera nemendur læsa á myndumhverfi sitt. Sérhver námsþáttur birtist með einum eða öðrum hætti í nærumhverfi nemenda ef vel er að gáð. Nemendur kynnst myndmáli þar sem orð eru ekki notuð heldur myndræn tjáning, myndasögugerð og hvernig kvikmyndir og teiknimyndir eru gerðar ramma fyrir ramma og mynda þannig hreyfimynd.

Nemendur tileinka sér læsi á mynstur, sem birtist nemendum víða, t.d. á fatnaði, veggjum, gólfi, á stafrænu formi o.s.frv. sem og stafagerð og letur hvers konar sem nemendur sjá í bókum, á umbúðum, stafrænu formi og veggjum utandyra. Einnig tengsl þess við grafíska hönnun og önnur tjáningarform myndlistar.

Textílmennt

6 ára – 9 ára bekkur (1. – 4. bekkur)

Textíll er afar stór og mikilvægur hluti af okkar daglega lífi. Læsi barna í textílmennt getur falist í hvernig þau nálgast verkefni, hvernig þeim gengur að tileinka sér aðferðir, hvernig þeim gengur að beita þeim áhöldum sem notuð eru hverju sinni og hvernig þeim gengur að sjá ef eitthvað fer úrskeiðis í ferlinu.

Í textílmennt tileinka nemendur sér einnig læsi á menningu, orð og hugtök og hið manngerða umhverfi. Þar eykst einnig orðaforði og hugtakaskilningur til muna. Öll þessi hugtök eins og að þræða nál, stoppa í sokk, spinna þráð, þæfa eða kemma ull, auk allra orðanna sem tengjast textíl s.s. prjón, vefnaður, útsaumur og hekl – eru menningararfur sem gefur sýn inn í sögu okkar og menningu.

Erlend tungumál

6 ára – 9 ára bekkur (1. – 4. bekkur)

Lestur og læsi eru mikilvægir þættir í kennslu erlendra tungumála. Í tungumálakennslu í Ísaksskóla birtist læsi í ýmsum myndum. Ekki bara hefðbundið læsi texta heldur einnig menningarlæsi sem er mikilvægur þáttur í tungumálanámi. Aukin áhersla er á læsi í efri árgöngum skólans. Mikilvægt er fyrir Íslendinga að vera vel læsir á erlend tungumálum. Í Ísaksskóla er snemma lagður grunnur að læsi í erlendum tungumálum; enskukennsla hefst í 5 ára deild og spænskukennsla í 6 ára bekk.

Læsi í ensku og spænsku byrjar á einföldum orðum og stuttum setningum sem tengdar eru við myndir. Þegar nemendur eru orðnir færari í tungumálinu og lestri þess verða textarnir sem nemendur eiga að geta lesið og skilið lengri og þyngri og í 9 ára bekk lesa nemendur stuttar frásagnir/sögur.

Eins og áður sagði er menningarlæsi mikilvægur þáttur í kennslu erlendra tungumála. Menningarlæsi felur í sér að nemendur fræðast um ólíka siði og venjur í öðrum löndum. Það eykur víðsýni nemenda, umburðarlyndi fyrir ólíkum menningarheimum og jafnframt forvitni þeirra og áhuga á því sem er ólíkt því sem við eigum að venjast.

Læsi í sérkennslu

Í Skóla Ísaks Jónssonar er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Markmiðið er að finna snemma þau börn sem hugsanlega geta átt í erfiðleikum með mál og lestur og veita þeim viðeigandi stuðning.

Námsmat

Skimanir, próf og greiningar eru notaðar til að skipuleggja lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda og mæta þeim þar sem þeir eru staddir. Jafnframt stýra niðurstöður því hvaða nemendur þurfa á sérkennslu að halda en ekki er nauðsynlegt að greining liggja fyrir til að nemandi fái aðstoð. Umsjónakennarar og sérkennarar koma að skiplagi lestrarkennslu.

HLJÓM- 2

Í 5 ára deild er lagt fyrir HLJÓM-2 sem er athugun á hljóð- og málvitund 5 ára barna. Prófið er kynnt foreldrum á námsefniskynningu í upphafi skólaárs. Prófið er lagt fyrir í því skyni að greina þau börn sem hugsanlega eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir. Rannsóknir hafa sýnt að sterk tengsl séu á milli hljóðkerfisvitundar og lestrarfærni.

HLJÓM-2 er lagt fyrir 5 ára börnin að hausti og þau börn sem koma út með mjög slaka færni eða slaka færni í heildarmælitölu prófsins taka þátt í málörvunarhópi í kjölfarið. Þar er markvisst unnið að því að þjálfa hljóðkerfisvitund. Þau fara síðan aftur í skimun í lok janúar. Ef þau ná ekki tilskildum viðmiðum í þeirri skimun halda þau áfram í málörvunarhópi. Umsjónarkennarar skila

niðurstöðum skimunarinnar í foreldraviðtölum í október. Einnig fá foreldrar verkefni til að þjálfa hljóðkerfisvitund með barninu.

Upplýsingarnar úr HLJÓM-2 liggja til grundvallar fyrir íhlutun í 1. bekk. Þeir nemendur sem koma út með slaka færni í janúar skimun í 5 ára deild fara í lestrarstuðning að hausti.

Leið til læsis

Umsjónarkennarar leggja *Leið til læsis – lesskimun* fyrir alla nemendur í 1. bekk í október. Prófið skimar undirstöðuþætti lestrar þ.e. hljóðkerfisvitund, bókstafa- og hljóðþekkingu, málskilning og málþroska.

Markmið prófsins er tvíþætt; annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða síðar meir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka nemendur svo hægt sé að veita kennslu við hæfi.

Talmeinafræðingur á vegum Vesturmiðstöðvar skimar alla nemendur í framburði og athugar hvort framburðarvandi sé til staðar. Umsjónarkennari, fagstjóri sérkennslu og talmeinafræðingur fara yfir niðurstöður skimunarinnar og útbúa aðgerðaáætlun í kjölfarið.

Lesferill – raddlestur

Lesfímipróf frá MMS eru lögð fyrir í september, janúar og maí í öllum árgöngum. Umsjónarkennarar sjá um fyrirlögnina. Þeir skipuleggja kennslu út frá niðurstöðum prófa og kom upplýsingum til foreldra. Umsjónakennarar bera meginábyrgð á lestrarnámi nemenda sinna.

Niðurstöður úr prófunum eru notaðar til þess að meta hvaða nemendur þurfa á lestrarstuðningi að halda og er meginreglan sú að þeir nemendur sem eru undir lögsta viðmiði fá stuðning í lestri. Eftirfylgni og endurmat miðast út frá niðurstöðum lesfímiprófa.

Sérkennsla/stuðningur fer ætíð fram með samþykki og í samráði við foreldra og eru þeir upplýstir reglulega um lestrarframvindu.

Milli mála II

Milli mála II er mat á íslensku sem öðru máli. Prófið er lagt fyrir tví-/fjöltyngda nemendur og íslenska nemendur sem hafa búið erlendis í fimm ár eða lengur. Prófið er lagt fyrir nemendur í 1. og 4. bekk. Umsjónarkennarar upplýsa foreldra um fyrirlögn prófsins og niðurstöður. Niðurstöður prófsins eru sendar til Skóla- og frístundasviðs (Miðja máls og læsis).

Þeir nemendur sem koma út á rauðu og gulu svæði fá aðstoð í íslensku. Markmiðið er að auka orðaforða, þjálfa tjáningu, lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund. Eftir því sem nemendur eflast

í íslensku er unnið út frá námsefni bekkjarins. Hópnámskrá er útbúin og kynnt umsjónarkennurum og foreldrum.

Allir starfsmenn skólans eru íslenskukennarar fjöltyngdra nemenda. Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfna nemandann í almennum orðaforða og samskipum á íslensku. Mikilvægt er að nota sjónrænt efni og myndrænar útfærslur. Náíð samstarf þarf að vera á milli umsjónarkennara og þeirra sem kenna nemendum með íslensku sem annað tungumál.

Greiningar

LOGOS – lesblindugreining

LOGOS prófið er lagt fyrir nemendur þar sem grunur er um dyslexíu eða aðra lestrarerfiðleika. Umsjónarkennarar og/eða foreldrar geta óskað eftir greiningu með því að leggja fram beiðni til fagstjóra sérkennslu. Samþykki foreldra þarf að liggja fyrir. Sérkennari með tilskilin réttindi leggur prófið fyrir. Niðurstöður eru kynntar foreldrum og í kjölfarið unnin aðgerðaáætlun.

Nemendur með lestrarerfiðleika fá einstaklingsmiðaða kennslu og námsefni. Foreldrum er veitt fræðsla svo þeir verði betur í stakk búnir til að aðstoða barnið sitt í lestrarnáminu.